

Fimmtudaginn 28. nóvember 1985.

Nr. 260/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Þuríði Sævarsdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. þ.m., sem barst Hæstarétti 25. þ.m., og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á úrskurðinum.

Varnaraðili hefur verið ákærð fyrir brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot gegn 211. gr. varðar 5 ára fangelsi hið minnsta. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember 1985.

Ár 1985, föstudaginn 22. nóvember, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík, af Ármanni Kristinssyni sakadómarara.

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 18. nóvember 1985, sem dómara máls þessa barst í hendur fyrr í dag, er þess krafist, að ákærðri Þuríði Izzat Sævarsdóttur, fæddri 20. september 1960, til heimilis að Hverfisgötu 86 hér í borg, „verði á grundvelli ákæru og með vísan til 4. og 6. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, gert að sæta framlengingu gæsluvarðhalds meðan á dómsmeðferð málsins stendur og allt til dómsuppsögu, þó ekki með úrskurði nú lengur en til föstudagsins 31. janúar 1986, kl. 17.00, en ætla má að dómur í málinu hafi þá verið uppkveðinn.“

Með úrskurðum sakadóms, sem upp voru kveðnir hinn 4. október 1985 og hinn 6. nóvember 1985, var ákærðri gjört að sæta rannsókn á geðheil-

brigði sinni og jafnframt úrskurðuð í gæsluvarðhald, þar til klukkan 17:00 í dag.

Samkvæmt ákæru ríkissaksóknara, sem dagsett er hinn 18. nóvember 1985, og dómara máls þessa barst einnig í hendur fyrr í dag ásamt lögreglugögnum, er opinbert mál höfðað fyrir Sakadómi Reykjavíkur á hendur ákærðri, „fyrir tilraun til manndráps eða stórfellda líkamsárás, með því að hafa, á heimili sínu aðfaranótt föstudagsins 4. október 1985, undir deilum eða átökum er urðu á milli ákærðu og Sigurðar Stefáns Almarssonar, Karfavogi 33, Reykjavík, sem var gestkomandi hjá ákærðu, stungið Sigurð Stefán með hníf lífshættulega stungu undir vinstra rifjabarð, er gekk á ská upp í lifur og orsakaði að inn í kviðarhol blæddi á skömmum tíma um 2 lítrum af blóði og blóðlifrum, sem fjarlægja þurfti með skurðaðgerð, er Sigurður Stefán gekkst undir árla sama morguns.

Brot ákærðu telst *aðallega* varða við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en *til vara* við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.“

Ákærð hefur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi borið, að til stimpinga hafi komið milli hennar og Sigurðar Stefáns Almarssonar greint sinn. Hann hafi tekið hana kverkataki, og er hún hafi losnað með aðstoð annarra, hafi hún gripið hníf, sem hún beri ávallt á sér, og lagt til Sigurðar Stefáns. Sigurður Stefán hefur lítið tjáð sig um atvik málsins og ber við minnisleysi. Hann hlaut af þessu alvarlega áverka í kviðarholi og gekkst undir bráða skurðaðgerð.

Ákærð hefur mótmælt kröfu ríkissaksóknara um framlengingu gæsluvarðhaldsins.

Svo sem ákæru í máli þessu er háttað og að öðru leyti með vísan til atvika málsins, verður ákærðri samkvæmt 4. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur í máli þessu verður kveðinn upp, en þó eigi lengur en til föstudagsins 31. janúar 1986, klukkan 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærð, Þuríður Izzat Svævarsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi þar til dómur verður kveðinn upp í málinu, en þó eigi lengur en til föstudagsins 31. janúar 1986, klukkan 17:00.